

## REGLUGERÐ

### um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðarinnar er að ákveða hvaða ráðstafanir stofnanir eiga að gera sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og annast skirteinisútgáfu til skipa í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar og að stuðla að því að ná markmiðinu um frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

#### 2. gr.

##### *Stjórnvald og framkvæmd.*

Samgöngustofa telst stjórnvald samkvæmt reglugerð þessari og sér um framkvæmd hennar.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirtaldar gerðir sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11 frá 1. febrúar 2024, bls. 410-422.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/492 frá 25. mars 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11 frá 1. febrúar 2024, bls. 436-437.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2014 frá 18. júlí 2014 um ítarlegar reglur um álagningu sekta og févita og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11 frá 1. febrúar 2024, bls. 423-435.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1355/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á tilteknum kóðum og tilheyrandi breytingum á tilteknum samningum og bókunum. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11 frá 1. febrúar 2024, bls. 438-442.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 30. gr. og 45. gr. a skipalaga, nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 10. apríl 2026.*

**Eyjólfur Ármannsson.**

---

*Ingilín Kristmannsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 13. apríl 2026